


Úlfur Sigurmundsson er framkvæmdastjóri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Morgunblaðið innti hann eftir mikilvægi hönnunar- og vörubrúunar í íslenskum húsgagnaíðnaði og hvaða þýðingu þessir tveir þættir hafa, þegar farið verður að selja húsgagnaframleiðsluna úti í hinum stóra heimi. Úlfur sagði:

„Hönnun og vörubrúun eru forsenda þess að hægt sé að hefja útflutning á vöru. Varan verður að mótast af því, sem hönnuðurinn áltur henta þörfum markaðarins hverju sinni. Þess vegna er mikilvægt að samtil, eins fljótt og hægt er, komast til og fjórt og hönnun milli hönnuða og hugsanlegra markaðsaðila eða kaupenda. Til þess að hönnun vöru geti heppnast þarf að hafa komið fram samstarf milli hönnuðarinnar og framleiðandans. Enda þótt um góða hönnun sé að ræða þá kemur hún í langflestum tilvikum, sem frumdrög frá hendi hönnuðarinnar. Þau þarf að slípa til út frá sjónarmiði framleiðandans, sem hefur til aðstoðar verkstjóra og fulltrúa frá hinum ýmsu deildum fyrirtækis síns. Þannig að þó hönnuðurinn sé grundvallaratriði er hönnun í dag hópvinnu. Það þarf hóp manna til að fjalla um vöruna til að öll sjónarmið komi fram. Lífstími húsgagna á markaðnum er ekki langur og þess vegna er mikilvægt að öllum spurningum og vandamálum sé svarað strax í byrjun.

Gott dæmi um frábæra hönnun og vel heppnaða hópvinnu er Stacco-stóll Péturs Lútherssonar. Hópvinnna tryggði að varan kom algerlega fullbúin fram á sjónarsviðið, enda var stóllinn vel tekið af öllum. Í dag er óhugsandi að koma með einn hlut á markaðinn og búið. Hluturinn verður að geta starfað á marga vegu og fullnægja fleiri en einni þörf. Stacco-stóllinn gerir það. Hægt er að tengja hann


Hjá forráðmönnum ullaflutningsfyrirtækisins Hilda hf. kom það fram að Hilda hf. var eitt af fyrstu fyrirtækjunum, sem þróuðu útflutning á ullaflutningum en það fyrirtæki hóf starfsemi sína árið 1962. Álafoss, SÍS og Hilda hf. hafa með höndum um 90 prósent alls ullaflutnings að sögn Þráins Þorvaldssonar, framkvæmdastjóra Hildu, en auk Þráins spjallaði Morgunblaðið við Tom Holton eiganda Hildu og Hönnu Hiltón sem er yfirmaður hönnunardeildar. Þau sögðu:

„Hönnun er mjög mikilvæg en fólk misskilur yfirleitt hvað hún þýðir. Alvöru hönnuðir eru þeir



Framleiðandi á þessu hjónarúmi og náttborðum er Ingvar og Gylfi síf. Hönnuður er Þóris Zoëga. Sérílin byggist á bogadregnum og beinum línunum. Efni: massíft og spónlagt beyki. Áferð: glætt lakk. Höfða- og fóttafl: rammi úr massíftu beyki með innfelldu basti. Dýnur: Íslenskar springdýnur. Náttborð úr sama efni.

Morgunblaðið / Guðjón.



gert og smekklegt þegar annað var hreint hörmulegt. En 1975 stökkuðum við þessi mál sem sagt upp. Við fengum bandarískan hönnuð til kaðs við okkur, sem þekkti markaðinn og hvað gekk í fólk. Fengum síðan til okkar innlenda aðila, sem unnu að því að stórbæta gæði framleiðslunnar og settumst síðan niður og bjuggum til eina heildarlínu yfir fatnaðinn. Afleiðingarnar eru þær að frá 1975 hefur salan aukist á hverju ári fram á þetta ár.

Línan er þannig samsett að hún fullnægir þörfum sem flestra. Ákveðnar flíkur eru sígildar og ná til mjög stórs hóps og einnig eru flíkur, sem seljast í minna upplagi. Þannig er það alltaf. Við höfum öll okkar skoðun á því hvað er fallet. Það þarf að hafa sérstaka hæfileika í sér til að fullnægja kröfum neytenda. Ekki er öllum gefið að finna það út hvað fólk vill.

— 0 —

Á hverju hausti boðar Hilda hf. til fundar, og boðið er ýmsum fulltrúum kaupenda í Evrópu og Norður-Ameríku, en þar er aðalmarkaðurinn fyrir Hildu. Á þessum fundum, sem við köllum „hönnunarfundi“ er rætt við kaupendur um línunna eitt og hálf ár fram í tímann. Með þessum fundum gerum við hönnuðum okkar kleift að komast í nán kynni við það fólk, sem skipt er um, kunnann. Oft hjálpa þessir fundir til að leysa þau vandamál, sem upp koma. Hönnunin er undirstöðuatriði, svo er það framleiðsla og gott sölukerfi. Erfiðleikarnir við hönnun í ullaflutninginum er takmörkun á litum. Það er aðeins um sauðalítina að ræða og þeir takmarkaða möguleika á fjölbreytni. Efnishönnuðir okkar eiga því í stöðugum erfiðleikum með að koma fram með eitthvað nýtt og ferskt. Ætli þeirra draumur sé ekki að sjá græna kind einhverstaðar.

Fyrir sjö árum seldum við hluti, sem áttu einungis við um Ísland og á Íslandi en er nú tíska úti í heimi. Við gerðum það eitt sinn að gamni okkar, að koma okkur fyrir við breiðgötu í Toronto í Kanada og það var hrein unun að sjá allar vel klæddu konurnar í íslensku ullaflutningum. Íslendingar eru farnir að líta á ullaflutninginn, sem eitthvað er aðeins fyrir ferðamenn. Það gerðist fyrir stuttu að kona kom inn í ullaflutninginn í Reykjavík með dóttur sinni. „Mikið er þetta falleg flík,“ og bendir á ullaflutninginn. En þá segir móðirin:

SJÁ NÆSTU SÍÐU




Framleiðandi: Stáliðjan hf. Stólstólar með lág- og hábacki. Stólar fyrir skrifstofur og heimili úr rilsanhúðuðu stáli, bólstraðir með ullaráklæði frá Álafossi hf. Hönnuður: Helgi Halldórsson.

saman í raðir, hann getur verið hægindastóll með örmum.

Markaðsstefnu þarf að taka inn í dæmið eins fljótt og hægt er. Eins og ég segi, helst í byrjun, þannig að kunninn geti haft áhrif á vörubrúunina. Við erum náttúrulega ekki komin það langt að getað kallað á kunnana, en kannski það geti orðið einhvern tíma.

Útflutningur á húsgögnum er á tilraunastigi og erfitt er að spá um hvort það breytist. En eitt er víst. Hönnun og vörubrúun mun hjálpa verulega til í samkeppninni við innflutning á húsgögnum,“ sagði Úlfur í lokin.



Þessi húsgagnasamsetna er hönnuð af Gunnari Magnússyni.